

**112** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nýja tvíkrónuþeninga til minningar um 25 ára stjórnarafmæli hans hátignar konungsins. — Samkvæmt konungsskipun, dags. 8. maí p. á., hafa tvíkrónuþeningar verið gjörðir til minningar um 25 ára stjórnarafmæli hans hátignar konungsins og eiga peningar þessir að breiðast út meðal almennings frá fjehirzlum ríkisins í skiptum eða smágreiðslum.

Það hefur þótt eðlilegt, að Ísland fengi hlut af peningum þessum, og þess vegna hefur ráðherra fjármálanna gjört ráðstöfun til, að sendar yrðu til jarðabókarsjóðsins með póstskipi því, er hjedan á að fara 10. p. m., 1500 afmælis-tvíkrónuþeningar eða 3000 kr.

Þetta læt jeg eigi hjá líða að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og bæti jeg því við, að fjárupphæðin er talin með gjöldum í viðskiptareikningi aðalfjehirzlunnar við landssjóð Íslands, og sömuleiðis, að jeg hef skrifað landfógetanum í dag allt er þurfa þykir um, að veita peningunum viðtöku í jarðabókarsjóð og um það, hvernig þeim skuli varið.

**113** Brjef háskólaráðsins til landshöfðingja um villur í almanakinu íslenska fyrir árið 1889. — Háskólaráðið hefur í dag fengið tilkynningu frá observator um, að hann hafi fundið þessar villur í íslenska almanakinu fyrir árið 1889.

1. Nýtt tungl verður eigi 30. jan. 7.42' f. h., heldur 31. jan. 7.42' f. h.
2. Fardagur í Kaupmannahöfn er eigi 16., heldur 25. apríl.
3. Við 26. sept. komi: Kristján prins.
4. Við 15. okt. komi: fardagr í Kaupmannahöfn.

Þetta lætur háskólaráðið eigi hjá líða að tjá yður, hávelborni herra, til frekari ráðstöfunar eptir því, sem þörf er á.

**114** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um undanþágu frá 3. gr. í lögum 7. nóv. 1879 um breytingu á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi. — Með rjettarprófum, er haldin voru af bæjarfógetanum í Reykjavík yfir skipstjóranum á gufuskipinu »Copeland«, Thompson, sannaðist það, að nefndur skipstjóri hafði í júnímánuði í sumar siglt gufuskipi sínu inn á Fáskrúðsfjörð og skipað þar upp, sumpart í annað skip og sumpart í land, um 30 smálestum af vörum, er fara áttu til Seyðisfjarðar, af þeirri ástæðu, að skipstjóra þótti ei unnt að komast inn á nokkra löggilta höfn á Austurlandi sökum íss. Óskaði skipstjóri að málssókn gegn sjer fyrir þetta brot gegn 3. gr. í lögum 7. nóvbr. 1879. um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, mætti niður falla gegn því, að hann greiddi sekt þá, er amtið kynni að úrskurða sjer, og með því að skipstjóri fjekk ábyrgðarmann fyrir skilvíslegri greiðslu á slíkri sekt, fekk hann leyfi til að halda áfram ferð sinni með skip sitt.

Með úrskurði 14. júlí p. á. ákvað amtmadurinn yfi suðuramtinu og vesturamtinu upphæð sektar þessarar til landssjóðs 200 kr. Síðar hefur fyrir hönd skipstjóra verið lagt fram vottorð frá sýslumanninum í Suðurmúlasýslu um, að hann hefði gefið leyfi til, að vörur þær, er í júní komu með »Copeland« og fara átti á Seyðisfjörð, mætti afferma á Fáskrúðsfirði, ef ís hindraði för skipsins til Seyðisfjarðar, og hefur sýslumadurinn í Norðurmúlasýslu ritað á vottorð þetta, að vörurnar, er fara áttu til Seyðis-

fjarðar, hafi allar flutzt þangað. Sökum þessara nýju upplýsinga, og með því að ætla má, að vöruskortur hafi verið orðinn á Austfjörðum, áður en Copeland kom þangað, vegna þess hve hafis lá þar lengi fyrir landi og bannaði aðflutninga, þá hef jeg fallið á, að fyrstjéð sekt eptir atvikum megi niður falla. 114  
19. okt.

En að því er snerti framkomu sýslumannsins í Suðurmúlasýslu í þessu máli, verð jeg þjónustusamlega að skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir honum, að honum er með öllu óheimilt að veita slíka undanþágu frá gildandi lögum, sem hjer hefur átt sjer stað, nema því að eins að hina brýnustu nauðsyn beri til, eins og reyndar virðist hafa átt sjer stað í þetta sinn, en komi það fyrir, að lík undanþága og sú, er hjer hefur gjörð verið, virðist óhjákvæmileg, þá ber sýslumanni sjálfum að vera til staðar, þar sem hann leyfir skipinu að koma að landi, til þess að rannsaka skjöl skipsins, og sjá um, að sóttvarnar- og tolllaganna sje gætt, og hafa yfirumsjón með affermingu varanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um leyfi til að halda lotterí til orgelkaupa handa Hólakirkju. — Presturinn sjera Zophonías Halldórsson í Viðvík hefur með brjefi 10. þ. m. fyrir hönd sóknarnefndarinnar í Hólasókn sótt um leyfi til að mega halda »lotterí» í því skyni, að keypt verði fyrir ágóðann af því orgel í Hólakirkju. Skýrir presturinn svo frá, að númerin í lotteríinu eigi að vera 2000 og kosta 50 aura hvert, en að ákveðið sje að vinningarnir skuli vera: 115  
30. nó.

- 1, reiðhestur, ungur og viljugur, er kosti 100 kr.
- 2, kíkir, er kosti 40—45 kr.
- 3, loptþyngdarmælir (Barometer), er kosti 25—30 kr.
- 4, 6 teskeiðar úr silfri, er muni kosta hver 3 kr. 25 a.

Út af þessu undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjermeð veiti leyfi til að halda hið umrædda lotterí á þann hátt og í þeim tilgangi, sem að ofan segir, en lotteríinu ber nákvæmlega að haga eptir þeim reglum, er þjer eða hlutadeigandi lög-reglustjóri kynni að setja því til tryggingar, að engin vandkvæði geti af því hlotið.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um áfrýjun á kjörstjórnarúrskurði. — Í erindi, sem hingað hefur borizt beina leið, og dagsett er 8. f. m., hefur verzlunarstjóri Eggert Laxdal skotið til mín úrskurði kjörstjórnar Akureyrar kaupstaðar, upp kveðnum 16. október þ. á., er segir, að mótmæli þau, er fram hafi komið gegn lögmati kosningar á 1 manni í niðurfjöfnunarnefnd kaupstaðarins, sem fram hafði farið sama dag, geti ekki tekizt til greina. 116  
1. des.

Út af þessu gefst yður til vitundar, herra bæjarfógeti, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir bæjarstjórninni á Akureyri, sem kærandinn virðist eiga sæti í, að samkvæmt 9. gr. sbr. 20. gr. í lögum 8. október 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, verður sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð eða úrskurðum kjörstjórnarinnar, að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur fram farið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina, og síðan má kæra úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; en þar sem kærandinn hefur skotið úrskurði kjör-